

Gjaldskrá Selfossveitna 2026

1.gr.

Selfossveitur bs. selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Selfossveitna fyrir heitt vatn. Gjaldskráin gildir á öllu orkuveitusvæði Selfossveitna. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggja virðisaukaskattur og önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma. Virðisaukaskattur er 11% til húshitunar og 24% önnur notkun. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari fylgja byggingarvísitölu (nóv 2025 – 201,0 stig) Gjaldskrá þessi skal uppfærast tvisvar á ári n.t.t í janúar og júlí ár hvert og er stjórn Selfossveitna veitt heimild til þess.

2.gr. Notkunargjald

Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetra mælingu.

I. Afnot af heitu vatni – verð eru án orku,- og virðisaukaskatts.

H.1 Heitt vatn um rennslismæli

i. Heimili og íbúðir	199	kr/m ³
ii. Fastagjald	23.744	kr/ár

H.2 Heitt vatn um rennslismæli

iii. Stórnotendur >1“	199	kr/m ³
iv. Fastagjald	33.795	kr/ár

H.5 Heitt vatn um hemil

v. Heitt vatn um hemil ¹	55.211	kr/m ³
vi. Fastagjald	33.795	kr/ár

H.6 Heitt vatn um rennslismæli

vii. Almenningsundlaugar		
viii. Sumar (1.maí-30.sept.)	100	kr/m ³
ix. Vetur (1.okt.- 30.apríl)	121	kr/m ³
x. Fastagjald	59.514	kr/ár

Ekki er veittur afsláttur v/takmarkanna á afhendingu heits vatns

Selfossveitum eru ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað.

3.gr Stofngjöld hitaveitu.

Almennt verð heimlagna gildir í þéttbýli á nýbyggingarsvæðum. Verðin gilda ekki þar sem búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum. Geri húseigandi breytingu á skipulagi húss frá útgefnu skipulagi sveitarfélags t.d. með því að færa til bílskúr eða annan inntaksstað ber hann til viðbótar allan kostnað við færslu eða breytingu lagna. Húseigandi sem óskar eftir breytingu eða færslu á inntaksbúnaði eða inntaksstað ber af því allan kostnað. Sama gildir um tímabundna aftengingu.

¹ Lágmarks magn um hemil eru 4 l/m

I. Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 30 m, 2% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn. Húsnæði þarf að vera komið á byggingarstig B2 samkvæmt HMS svo hægt sé að sækja um heimæð.

Grunngjald kr.

Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	449.767 kr.
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	660.853 kr.
Heimæð, DN 32 stál eða PEX-40	754.338 kr.
Heimæð, DN 40 stál eða PEX-50	903.138 kr.
Heimæð, DN 50 stál	1.496.436 kr.
Heimæð, DN 65 stál	2.468.277 kr.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja aukatengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar. Kostnaðarverð stærri heimæða en 65 mm er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu.

Gjald vegna breytinga eða færslu heimæða/inntaka er að lágmarki 25% af heimæðargjaldi. Heimilt er að falla frá þessu gjaldi sé komið að endurnýjun lagna.

Frostálag á gunngjald: 20%

II. Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri

Neðangreind verð gilda þar sem heildarlengd heimæðar er innan við 70 m, 1,4% yfirlengdargjald er tekið fyrir hvern metra. Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn.

Grunngjald kr.

Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	1.043.652 kr.
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	2.088.934 kr.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja auka tengigrind greiðst 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar í þéttbýli. Kostnaðarverð stærri heimæða en 25mm stál/32mm PEX er reiknað sérstaklega fyrir hvert tilvik og m.a. tekið mið af flutningsgetu heimæðar, stofnæða og aðveitu. Ídráttarrör skulu vera 18m að lengd frá húsi.

Gjald vegna breytinga eða færslu heimæða/inntaka er að lágmarki 25% af heimæðargjaldi. Heimilt er að falla frá þessu gjaldi sé komið að endurnýjun lagna.

Frostálag á grunnjald: 20%

III. Bráðabirgðatengingar hitaveitu

Vinnuskúravatn og bráðabirgðatenging í húsnæði á byggingastigi B1

	Grunngjald kr.
Vinnuskúravatn	134.930 kr.
Bráðabirgðatenging DN20 eða PEX-25	134.930 kr.
Bráðabirgðatenging DN25 eða PEX-32	198.256 kr.
Bráðabirgðatenging DN32 eða PEX-40	226.301 kr.
Bráðabirgðatenging DN40 eða PEX-50	270.941 kr.
Bráðabirgðatenging DN50	448.391 kr.
Bráðabirgðatenging DN65	740.483 kr.

Verðið gildir fyrir tengingu við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk ásamt einni tengigrind. Við aðrar aðstæður og fyrir stærri tengingu er hún gjaldfærð í samræmi við raunkostnað. Innheimt er hefðbundið gjald fyrir notkun samkvæmt mæli á bráðabirgðatengingum.

IV. Innheimta, lokanir og sérstakar aðstæður

Innheimtugjald ²	2.077 kr.
Nýr mælir ³	29.412 kr.
Lokunargjald/opnunargjald ⁴	12.871 kr.
Opnunargjald utan dagvinnutíma	25.404 kr.
Aðstaða ekki fullnægjandi/endurkomugjald ⁵	22.273 kr.
Breyting/færsla á inntaki, lágmarksgjald ⁶	105.148 kr.
Lokunargjald ef grafa þarf niður að heimæð ⁷	410.491 kr.

Gjaldskrá þess er samþykkt af stjórn Selfossveitna bs, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, xx. janúar 2026.

F. h. r.

2 Innheimtugjald er lagt á þá sem fá send lokunarbréf í pósthólf sitt á island.is vegna vanskila notkunargjalda.

3 Gjald ef mælir hefur orðið fyrir skemmdum og setja þarf upp nýjan. Verð miðast við 15mm mæli

4 Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörðun.

5 Séu starfsmenn veitunnar kallaðir til að leggja heimtaug og aðstaða uppfyllir ekki tæknilega tengiskilmála hitaveitna og starfsmenn þurfa frá að hverfa, hlýst af því kostnaður.

6 Gjaldfært í samræmi við raunkostnað en að lágmarki 105.148.

7 Gjald fyrir innheimtuaðgerð þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð